

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

Ár 2018, föstudaginn 13. apríl 2018 var haldinn 285. fundur stjórnar Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Bryndís Haraldsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Sverrir Óskarsson og Sigrún Edda Jónsdóttir. Fjarverandi: Guðlaug Kristjánsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Innri endurskoðun 2018
2. Vinnustaðagreining 2018
3. Jafnlaunavottun
4. Ársfundur Strætó 2018
5. Næturakstur
6. Framvindumat vegna samnings um eflingu almenningssamgangna
7. Önnur mál
 - a. Mælaborð Strætó
 - b. Beiðni um frítt í Strætó 1. maí nk.

Þetta gerðist:

1. Innri endurskoðun 2018
Sif Einarsdóttir, innri endurskoðandi Strætó, fór yfir greinargerð vegna innri endurskoðunar Strætó 2018. Til skoðunar voru eftirlitsaðgerðir í tekjuferlum, kostnaðarferlum og birgðiferli ásamt eftirfylgni athugasemda frá fyrra ári. Ólafur Kristinsson, formaður endurskoðunarnefndar Strætó og Inga Björg Hjaltadóttir, fulltrúi í endurskoðunarnefnd, kynntu störf endurskoðunarnefndar og yfirferð nefndarinnar yfir greinargerð innri endurskoðenda 2018. Stjórn óskar eftir að á næsta fundi stjórnar verði lagt fram eftirfylgniskjal með athugasemdum innri endurskoðanda þar sem úrbætur við athugasemdum eru tilgreindar og tímasettar.
2. Vinnustaðagreining 2018
Sigríður Harðardóttir, mannauðs- og gæðastjóri Strætó, kynnti niðurstöður vinnustaðagreiningar sem framkvæmd var í febrúar 2018 á meðal allra starfsmanna Strætó. MMR, markaðs- og miðlunarfyriertæki framkvæmdi greininguna. Alls tóku 152 starfsmenn þátt eða um 59%, sem er heldur minni þátttaka en á sama tíma í fyrra þegar 64% starfsmanna tóku þátt. Lítil breyting hefur átt sér stað frá árinu 2016 á öllum sviðum sem greiningin tekur til. Starfsánægja og vinnuálag hefur nánast staðið í stað milli ára. Stjórn óskar eftir tillögum á næsta fundi stjórnar um hvernig stjórnendur ætla að bregðast við niðurstöðum vinnustaðagreiningarinnar.
3. Jafnlaunavottun
Sigríður Harðardóttir, mannauðs- og gæðastjóri Strætó, fór yfir framvindu við jafnlaunavottun Strætó. Stjórn óskar eftir minnisblaði á næsta fundi stjórnar um vinnu Strætó við að fá jafnlaunavottun.
4. Ársfundur Strætó 2018
Ársfundur Strætó 2018 verður haldinn 26. apríl 2018 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirhugaða dagskrá fundarins.
5. Næturakstur
Framkvæmdastjóri fór yfir hvernig tilraunaverkefni um næturakstur Strætó um helgar hefur gengið. Stjórn óskar eftir að sett verði upp mælaborð um helstu þætti verkefnisins sem hjálpar til við að meta árangur.
6. Framvindumat vegna samnings um eflingu almenningssamgangna
Mannvit hefur unnið skýrslu um tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu 2012-2022, skýrslan er unnin fyrir stýrihóp SSH og ríkisins og var gefin út í apríl 2018. Í byrjun maí 2012 undirrituðu Vegagerðin f.h. innanríkisráðuneytisins annars vegar og stjórn SSH hins vegar samkomulag um 10 ára

tilraunaverkefni til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Meginmarkmið samkomulagsins er að tvöfalda a.m.k. hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu á samningstímanum og sporna með þeim hætti við tilsvarendi aukningu eða draga úr notkun einkabílsins og draga jafnframt úr þörf á fjárfrekum fjárfestingum í nýjum umferðarmannvirkjum. Samhliða þessu meginmarkmiði voru einnig sett fram markmið um bætt umferðaröryggi, minnkun í losun gróðurhúsalofttegunda og þjóðhagslega hagkvæmni með betri nýtingu samgöngutækja og minna sliti á gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins. Í framvindumatinu kemur fram að verkefnið hefur skilað árangri og flestir þeir mælikvarðar sem þar eru notaðir sýni jákvæðar niðurstöður. Enn hefur þó ekki tekist að ná viðunandi árangri í hlutfalli ferða með almenningsvögnum af heildarfjölda ferða á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn Strætó felur framkvæmdastjóra að óska eftir því að skýrsluhöfundur komi á fund stjórnar og kynni skýrsluna.

7. Önnur mál

- a) Mælaborð Strætó janúar til mars 2018, lagt fram.
- b) Erindi frá 1. maí nefnd verkalyðsfélaganna í Reykjavík, þar sem óskað er eftir að stjórn Strætó samþykki að frítt verði í Strætó 1. maí nk. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

**Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundu slitið: kl. 13:00**

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Valur Gíslason
Sigrún Edda Jónsdóttir

Sverrir Óskarsson
Bryndís Haraldsdóttir

Fylgiskjöl:

- Innri endurskoðun – Greinargerð til endurskoðunarnefndar og stjórnar 2018, 11. apríl 2018
- Endurskoðunarnefnd - Um greinargerð innri endurskoðenda 2018, 12. apríl 2018
- Framvindumat vegna samnings um eflingu almenningssamganga, apríl 2018
- Vinnustaðagreining 2018
- Mælaborð Strætó janúar til mars 2018